

Skólaráðsfundur

19. apríl 2017

Mættir: Oddur fulltrúi foreldra, Kristín Hulda fulltrúi skóla, Guðmundur íþróttakennari, Svava skólastjóri, Rut fulltrúi nemenda, Elín fulltrúi skóla, Sigurdís fulltrúi nemenda mætti seinna. Inga Rut og Magnús boðuðu forföll.

1. Óformleg umræða um gengi í Skólahreysti, mikilvægi stuðnings, jákvæðar breytingar og aukinn metnaður fyrir keppninni. Stóru – Vogaskóli kominn áfram í lokakeppnina annað árið í röð og verður keppnin haldin miðvikudaginn 26. apríl.
2. Umræða um sturtumál
 - Skiptar skoðanir á því hvort eigi að skikka nemendur til að fara í sturtu eftir íþróttir og hvaða úrræði séu til að hvetja nemendur til að fara í sturtu.
 - Rætt um að fara í bekki með fræðslu um svitamyndun, lykt og vellíðan sem fylgir því að fara í sturtu. Æskilegt að koma á menningu í skólanum sem felur í sér að það þyki sjálfsagt, eðlilegt og æskilegt að sturta sig eftir hreyfingu.
 - Ræddur möguleiki á því að koma með sérstaka fræðslu til stúlkna um hvernig sé hægt að þrifa sig án þess að þvo hárið því það tekur mun lengri tíma. Ræddar hugmyndir um hvetjandi kerfi sem fær nemendur til að flýta sér í sturtu og kenna þeim að koma sér upp rútinu til að nýta sturtuaðstöðu sem best.
 - Ákvörðun tekin um að á næsta skólaári verður sett á sturtuskylda eftir íþróttir hjá nemendum í 1. – 6. bekk. Einnig verður lögð áhersla á fræðsu til nemenda og foreldra.
3. Starfsmannamál
 - Auglýstar voru stöður kennara til umsóknar fyrir næsta skólaár, umsóknarfrestur er enn í gangi.
4. Árshátíð nemenda
 - Rætt um hvernig fundarmönnum fannst koma út að hafa árshátíðina tvískipta. Þótti minna stress hjá nemendum á unglíngastigi og betri tími til að hafa sig til fyrir ball um kvöldið. Almenn ánægja með árshátíðirnar báðar.

Næsti fundur ákveðinn 17. maí og verður það jafnframt síðasti skólaráðfundur þessa skólaárs.

Fundi slitið 9:30

Fundarritari: Elín Þ. Samúelsdóttir